

Nd. 655. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson, Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð, í Reykjavík eða annarsstaðar á Suðurlandi, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum fyrstu greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1½ milljón króna, sem greiðist af tekjum stofnunarinnar á næstu 15 til 25 árum.

3. gr.

Rekstri stofnunarinnar skal hagað eftir reglugerð, er ríkisstjórnin setur, þegar verksmiðjan hefir verið reist.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrir kostnað við áætlanir og undirbúning um stofnun verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að fimmtán þúsund krónum, en það fé skal síðar endurgreiðast í ríkissjóð af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Ríkisstjórnin hefir á þessu og síðasta ári látið framkvæma ýmsar rannsóknir viðvíkjandi möguleikum á því að setja á stofn hér á landi verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð (köfnunarefnisáburð). Áætlun, sem ríkis-

stjórnin lét erlendan verkfræðing gera á síðastliðnu sumri, virðist sýna ótvírátt, að unnt sé að framleiða hér á landi á fjárhagslega tryggum grundvelli það magn af köfnunarefnisáburði, er vér höfum notað að meðaltali síðastliðin 2—3 ár, fyrir jafnvel lægra verð en vér verðum nú að greiða fyrir þennan áburð til útlanda. Sé framleiðslan aukin um 40—50%, sýnir áætlunin, að verðið getur orðið allmiklu lægra en vér greiðum nú. Áætlunin gerir ráð fyrir að framleiða köfnunarefnisáburðinn með nýjustu aðferðum (Electrolyse) og nota íslenzkan kalksand sem bindiefni. Með því að gert er ráð fyrir því, að nálega helmingur framleiðslukostnaðarins, þar með talið vextir og afborgun stofnláns, verði eftir í landinu, sem vinnulaun, raforka o. s. frv., má vænta þess, að nokkur árlegur gjaldeyrissparnaður yrði að því að starfrækja slíka áburðarverksmiðju. Þegar lánsfé hefir verið tryggt, mundi þurfa 14—16 mánaða tíma til að reisa verksmiðjuna, og ætti því, ef nægilegur undirbúningur yrði hafinn á öndverðu næsta ári, að vera unnt að byrja að starfrækja verksmiðjuna á miðju sumri árið 1937, en þá er ráðgert, að raforkustöðin við Ljósa-foss verði fullgerð. Ef þetta mætti takast, ætti að vera unnt að framleiða í tæka tíð allan þann tilbúinn áburð, sem nota þarf á árinu 1938. Áætlun um verð á raforku er gerð í samráði við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan greiði 130—140 þúsund krónur árlega í vinnulaun, auk þeirra vinnulauna, sem verða greidd við byggingu hennar“.